


Breytingar í Kerfissumsjón Sjálfgæfin afgreiðsludeild og tvö eða fleiri notandanöfn á sömu kennitölu á mismunandi stofnun í Sögu 3.1.39.2

Í Sögu 3.1.39.2 hafa verið gerðar eftirfarandi breytingar í Kerfissumsjónarhlutanum.

- Sjálfgæfin afgreiðsludeild.** Nú er hægt að stilla sjálfgæfna afgreiðsludeild fyrir Staðsetningadeild og Kjarnadeild. Þegar notandi loggar sig inn í Sögu á þessa deild og opnar afgreiðslueininguna þá opnast þessi sjálfgæfna afgreiðsludeild ef notandi hefur aðgang að henni.
 Ef „<Engin sjálfgæfin afgreiðsludeild>“ er skilgreind EÐA notandi hefur ekki aðgang að þeirri afgreiðsludeild helst fyrri virkni, þ.e. síðasta afgreiðsludeild sem notandi var í opnast.
 Athugið að þessi virkni á bara við í fyrsta sinn sem notandi opnar afgreiðsludeild eftir að hafa opnað Sögu, annars á síðast opnaða afgreiðsludeild að koma þegar notandi fer í afgreiðslueininguna.



- Kerfissumsjón – Notendur.** Nú er hægt að búa til Sögunotendur sem hafa sömu kennitölu ef þeir eru skráðir á sitt hvora stofnunina.

Tvö notandanöfn á tveimur stofnunum í sama grunni:

- Sérfræðingar:** Þegar um er að ræða sérfræðing sem vinnur á tveimur stofnunum í sama grunni þá þarf að búa til tvo notendur fyrir þennan notanda með sömu kennitölu. Því þegar hann sendir sérfræðingareikninga til Sí þá þarf kennitala stofnunar, kennitala fyrirtækis og kennitala læknis að fara í skeytinu til Sí. Því verður sá notandi að vera með tvö innskráningarnöfn með sömu kennitölu.

- **Gömlu skýrslurnar:** Hafa ber í huga að gömlu skýrslurnar eru þannig uppsettar að þær taka út upplýsingar út frá stofnun sem er skráð á notanda í Kerfisumsjón þegar stofnun er valin sem breyta. Svo ef notandi er að skrá á deildir sem eru skráðar á öðrum stofnunum sem hann hefur aðgang (aðrar en það sem er skráð á hann í Kerfisumsjón) að þá er hægt að taka út skýrslur eftir innskráningardeild notanda og sleppa að velja stofnun.

Með kveðju

TMS - Heilbrigðislausnir